

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfsnesi
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2019
UST201901-139/S.M.
08.14.02


Seinna reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpu

Þann 13. nóvember sl. fór fram seinna reglubundið eftirlit ársins á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllt


Sigríður Magnúsdóttir


Frigg Thorlacius

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	13.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Gnýr Hjarðar	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Eiður Guðmundsson	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Um var að ræða reglubundið seinna eftirlit ársins á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Engin frávik komu fram við eftirlit en rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun vegna fráviks sem komu fram í fyrra eftirliti ársins.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundið eftirlit ársins á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1 og 3.1)
3. Eftirlitsmælingar (gr. 5.2)
4. Frávik og úrbótaáætlun vegna fyrra eftirlits 2019
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi er heimilt að urða allt að 120.000 tonn af úrgangi á ári. Það sem af er ári hafa verið urðuð 110.416 tonn af úrgangi á urðunarstaðnum. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er það minna magn en urðað hafði verið á sama tíma í fyrra. Rætt var um frágang asbests og gífs, en asbest er urðað í sér gryfjum og gífsi er haldið frá öðrum úrgangi.

Rætt var um kvartanir vegna lyktarmengunar frá urðunarstaðnum og þau úrræði sem rekstraraðili notar til að draga úr lyktarmengun. Það sem af er ári hafa borist 98 kvartanir um lyktarmengun. Fram kom að rekstraraðili hafi brugðist við með því að vökva hauginn allan sólarhringinn með sjó og lyktareyðandi efnunum.

Rætt var um sigvatnssófnunarkerfi urðunarstaðarins og eftirlitsmælingar. Öllu sigvatni er safnað frá urðunarstaðnum og leitt í setþró þaðan sem því er veitt í Þerneyjarsund. Samsetning sigvatns er mæld við úttak sigvatns úr setþró. Mælingar undanfarinna ára sýna að styrkur einstakra mælipátta í sigvatni er nokkuð hár en fer þó lækkandi. Mælingar á samsetningu grunnvatns gefa til kynna að mengunar frá urðunarstaðnum gæti ekki í grunnvatni við urðunarstaðinn.

Við fyrra eftirlit ársins komu fram frávik frá gr. 1.2 í starfsleyfi þar sem magn urðaðs úrgangs var umfram heimild. Rekstraraðili hefur sent inn áætlun um úrbætur og hefur hún verið samþykkt af Umhverfisstofnun. Í áætlun rekstraraðila kemur fram að ekki hafi verið tekið á móti úrgangi frá Sorpstöð Suðurlands á árinu, þá sé áætlað að 2020 fari sláturúrgangur í áhættuflokki 3 til fituvinnslu í tilraunaskyni og að í apríl 2020 verði tekin í notkun gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi sem muni taka við heimilisúrgangi. Því muni draga úr magni urðaðs úrgangs um 45.000 tonn árið 2020 og þar með nái rekstraraðili að halda magni urðaðs úrgangs innan heimilda starfsleyfisins. Í fyrra eftirliti ársins kom einnig fram frávik frá gr. 5.4 í starfsleyfi þar sem skráningum hafði ekki verið skilað. Rekstraraðili skilaði nú í nóvember þeim skráningum sem uppá vantaði og hyggst skila skráningum fyrir árið 2019 fyrir 1. maí 2020 líkt og krafa er um í starfsleyfinu.

Fram kom í eftirlitinu að rekstraraðili hygðist senda inn erindi til Umhverfisstofnunar vegna fyrirhugaðrar tilraunar með endurnýtingu á fituríkum sláturúrgangi.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um urðunarstaðinn. Ekki var tilefni til athugasemda að þessu sinni.

ANNAD


Einnig var viðstaddur eftirlitið fyrir hönd Sorpu Ásbjörn Einarsson.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

Reykjavík, 11.12.2019

Sigríður Magnúsdóttir

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Sigríður Magnúsdóttir